

## Jafnlaunastefna Múlakaffi ehf.

Eigandi: Framkvæmdastjóri

Útgáfa: 1.0

Höfundur: ÞA

Gildisdagur: 15.11.2022

### Jafnlaunastefna

Jafnlaunastefna Múlakaffi ehf. er ætlað til að tryggja jafnrétti og jafna stöðu allra kynja innan fyrirtækisins. Markmiðið er að enginn kynbundinn mismunur eigi sér stað og við ákvörðun launa skal gæta þess að kynjum sé ekki mismunað. Allir skulu njóta jafna kjara fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf sem og hvers konar frekar þóknanna. Einnig skulu öll kyn njóta sömu kjara hvað varðar lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hver önnur starfskjör eða réttindi sem metin verða til fjár.

Til þess að framfylgja stefnunni mun Múlakaffi framkvæma launagreiningu árlega þar sem borin eru saman jafnverðmæt og sambærileg störf. Jafnlaunamarkmið skulu endurskoðuð út frá niðurstöðum launagreiningar. Jafnlaunastefnan felur í sér skuldbindingu um stöðugar umbætur og ber mannauðsstjóri Múlakaffi ábyrgð á innleiðingu, viðhaldi og þeim frávikum sem koma fram við rýni á jafnlaunakerfinu. Stjórnendur skulu einnig skuldbinda sig til að viðhalda stöðugum umbótum, eftirliti og bregðast við óútskýrðum launamun.

Niðurstöður árlegra launagreininga skal kynna starfsfólki.

Framkvæmdastjóri skal setja fram jafnlaunamarkmið, láta framkvæma innri úttekt og rýna jafnlaunakerfið og árangur þess árlega. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að jafnlaunastefnu sé framfylgt.

Jafnlaunastefnan er unnin í samræmi við þau og lög og reglugerðir sem fjalla um jafna stöðu og jafnan rétt allra kynja sem og aðra mismunun.